

## **Skipulag náms í Pálmholti frá 16 mars – 10 apríl 2020.**

Pálmholt hefur þegar gripið til ýmissa ráðstafana sem uppfylla kvaðir um takmörkun skólastarfs með það að markmiði að auka hreinlæti, halda hópum fámennum og koma í veg fyrir samgang milli deilda. Hér verður það dregið saman ásamt breyttu skipulagi vegna takmarkana á skólastarfi og verður megintilgangur skólastarfsins á komandi vikum að halda grunnstoðum samfélagsins gangandi.

Markmiðið verður fyrst og fremst að huga að hreinlæti, hlúa að börnum og starfsfólki, takmarka samgang milli deilda og húsa og að börnin séu í litlum hópum eins og mögulegt er. Kennsla verður með breyttu sniði og skipulagi og námsáætlunir munu því ekki ganga eftir.

Viðbragðsáætlun skólans er á heimasíðu Pálmholts og þar er að finna áætlun ef kemur til fjarveru starfsfólks vegna veikinda/sóttkví sem leiðir til fækkunar barna í leiskólanum.

## **Hólfun húsnæðis í Pálmholti**

Hver deild hefur sína eigin forstofu og skipulag verður þannig að börnin verða í litlum hópum á svæðinu á leið úr og í útiveru.

Hver deild hefur eigin snyrtingar - skipulag þannig að börnin rekist sem minnst á.

### **Efra Pálmholt:**

Skipulag í efra húsi er þannig að þar eru tvær deildir, Víðiholt með 21 barn og Asparholt með 21 barn. Deildir eru aðskýldar en eitt sameiginlegt rými sem heitir Lyngholt skilur þær að. Lyngholti verður skipt í tvennt og gerð skýr skil milli deildanna svo starfsemin haldist aðskilin að mestu leyti.

Starfsfólk Víðiholts þarf að ganga í gegnum Asparholt til að sækja matarvagna, fara á salerni og í kaffistofu svo ekki er hægt að koma í veg fyrir ákveðna skörun á deildum hvað varðar starfsfólkið.

### **Neðra Pálmholt:**

Skipulag í neðra húsi er þannig að þar eru þrjár deildir, Greniholt með 24 börn, Birkiholt með 25 börn og Furuholt með 23 börn. Deildirnar hafa hingað til samnýtt lystasmiðju og sal. Til að forðast samnýtt svæði verður hólfun húsnæðis þannig: Furuholt notar græna rými Birkiholts og listasmiðju. Birkiholt notar í staðinn hluta af sal. Greniholt notar hluta af sal á móti Birkiholti og verður það stúkað af þannig að ekki verði skörun.

Starfsfólk deilda þarf með þessu skipulagi ekki að ganga milli deilda.

## **Hreinlæti**

Handþvottur barna aukinn undir leiðsögn og leiðbeiningu kennara/starfsfólks.

Starfsfólk hvatt til að fara að leiðbeiningum um handþvott, nota spritt og hanska á salernum og í kringum matvæli.

Sóttreinsa tölvur og lyklaborð í kennaraaðstöðu að notkun lokinni.

Sóttreinsa snertifleti reglulega s.s vaska, krana, hurðahúna, rafmangsröfa, borð, stóla.

Fyrirtækið Hreint sér um þrif í lok dags. Þarf að leggja sérstaka áherslu á salerni, snertifleti s.s. hurðahúna og röfa.

## **Starfsfólk**

### **Kaffistofur**

Kaffistofur er mjög litlar og er starfsfólk hvatt til að vera ekki of mörg í einu í sama rými. Sjónarhóll verður líka nýttur sem kaffistofa til að auka rými fyrir starfsfólk til að komast afsíðis. Ef mögulegt er gætu einhverjir tekið kaffitíma heima með því t.d. að mæta seinna eða fara fyrr. Það er þó samkomulag og getur gengið á sumum deildum og ekki öðrum.

Sameiginlegt kaffi sem hefur verið mánaðarlega í Sjónarhóli fellur niður.

### **Fundarhöld, undirbúningur starfs og upplýsingaflæði**

Morgunfundir verða alltaf í Sjónarhóli – deildarstjórar

Öryggisráð fundar einu sinni á dag eða eftir þörfum

Deildarfundir verða hjá öllum deildum 16. mars til að skipuleggja komandi mánuð en annars falla þeir niður.

Tölvupóstar notaðir til samskipta og í upplýsingagjöf.

Undirbúningur skal vera í föstum skorðum en gæti þurft að hliðra til eftir dögum.

Allir starfsmenn skulu lesa póstinn sinn reglulega og fylgjast með fréttum á heimasíðu leikskólans sem og á Facebook síðu starfsmannahópsins.

### **Annað**

Takmarka skal ferðir milli efra og neðra Pálmholts eins og kostur er

Sérkennsla skal haga skipulagi þannig að starfsfólk fari sem minnst milli húsa

Takmarka skal samgang milli deilda innan skólans

Ef starfsfólk fer í sóttkví er mögulegt er að viðkomandi sé beðinn um að sinna verkefnum heima en þá er þeim sköffuð aðstaða s.s. tölvu, ípada eða annað ef til þess kemur.

### **Barnahópurinn og skipulag starfs**

Fá börn í hópum - hver deild sér um útfærslu eftir aldri barnanna og aðstæðum

Ekki verður farið í heimsóknir í aðra skóla, íþróttahús, söfn eða aðrar samkomur.

Það falla niður viðburðardagar s.s. dótadagar, tuskudýradagar og aðrir dagar þar sem börnin eru að koma með hluti að heiman auk þess sem foreldrar eru hvattir til að hafa bækur barnanna heima meðan á þessu stendur.

Teppi og koddar eru ekki sendir heim – munum hjálpast að þvo það hér eftir þörfum.

## **Foreldrahópurinn og gestir**

Allar skipulagðar viðburðir eða heimsóknir foreldra eða annarra fallan niður.

Einn fullorðinn kemur með hvert barn

Foreldrar hvattir til að koma ekki inn á deildir

Ekki veriður tekið á mót gestum eða nemum.

## **Skráningar á hverjir fara í sóttkví eða fá COVID 19**

Ef foreldrar, kennarar eða börn fara í sóttkví eða fá COVID 19 skal skrá nöfn viðkomandi og tímabil í möppu á skrifstofu skólustjóra. Börn eru skráð fjarverandi í Karellen en ekki tilgreint að þau séu í sóttkví. Sama á við um kennara/starfsfólk og vinnustund.

## **Mötuneyti**

Starfsfólk er beðið um að takmarka ferðir sínar í eldhús í neðra húsi.

Börn skammta sér ekki sjálf til að sem fæstir handfjatli áhöld og dalla.

Eldhúshurð í neðra Pálmholti skal ekki notuð sem inngangur – aðeins fyrir starfsfólk í eldhúsi og vörumóttöku.

Þar sem matur er eldaður í neðra húsi og keyrður í efra hús verður ávallt skörun í eldhúsum og starfsfólk verður að fara milli húsa. Starfsfólk fer ekki inn á deildir og reynir eftir fremsta megni að halda eldhúsi hreinu og sótthreinsa. Annað starfsfólk á ekki að vera í eldhúsi nema takmarkað, ef það þarf að sinna verkefnum s.s. taka til morgunmat að morgni og aðstoða ef þörf krefur.

## **Undirbúningur á starfsdegi 16 mars**

08:00 Starfsmannafundur

Fara yfir viðbraðgs- og aðgeraráætlanir sem hafa verið uppfærðar í tengslum við COVID 19 síðustu tvær vikur. Umræða og hugmyndum starfsmanna að fleiri aðgerðum sem miða að takmörkunum í skólustarfi

Umræður um mikilvægi þess að hlúa að hver öðru. Við erum öll almannavarnir.

09:00 Deildarfundir

Skipuleggja skiptingu hópa og skipuleggja faglegt starf deildarinnar

Ná í efnivið sem gerir deildirnar sjálfbærar s.s. málningu og fleira sem vanalega hefur verið sótt í listasmiðju.

Fara yfir leikföng og efnivið, fækka efnivið sem er í boði í hverju rými með það að markmiði að auka gólfpláss eða leiksvæði fyrir börnin og auðvelda umgengni og þrif.

**Hver og einn vinnur sinn vinnutíma nema um annað sé samið.**

**Gerum þetta vel og gerum þetta saman.**

**Öryggisráð Pálmholts**

**Drífa Þórarinsdóttir, skólastjóri.**

**Áslaug Magnúsdóttir, aðstoðarskólstjóri.**

**Ólöf Pálmadóttir, deildarstjóri.**

**Heiðís Björk Karlsdóttir, deildarstjóri.**